

Fornleifarannsókn á Bjarnarnesi, Kaldrananeshreppi á Ströndum

2019



Lísabet Guðmundsdóttir

Reykjavík

2020

FS780-19301



Rannsóknarnúmer

201806-0076

ÞJMS númer

2019-65

Stutt lýsing rannsóknar

Fornleifarannsókn og skráning minja á Bjarnarnesi í Kaldrananeshreppi á Ströndum

Tegund rannsóknar

Rannsókn

Staðsetning

Bjarnarnes, Kaldrananeshreppi, Strandir

GPS hnit

A: 389887 N: 582301

Rannsóknartími

18.08.2019-.24.08.2019

Leyfishafi

Lísabet Guðmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna

4

Forsíðumynd

Loftmynd af bæjarstæði Bjarnarness (Myndataka: Morten Ramstad)

Fornleifastofnun Íslands 2020

Bárugata 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is Heimasíða: www.fornleif.is

EXCERPT	4
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR OG FYRRI RANNSÓKNIR	5
FORNLEIFARANNSÓKN	6
ÖSKUHAUGUR	8
BÆJARHÓLL	11
NAUST	13
BÚÐARVOGSRÍK	16
BÚÐARVOGUR	19
HVÍTSANDAR	24
UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR	25
FREKARI RANNSÓKNIR	26
HEIMILDASKRÁ	27
SKRÁR	28
GRIPASKRÁ	28
LJÓSMYNDASKRÁ	28
VIÐAUKI I	30
ALDURSGREININGAR	30

Excerpt

Morten Ramstad

In the period 18.-24th. August 2019 a collaborative project by participants from UiB (University museum in Bergen), Fornleifastofnun Íslands and University of Iceland conducted archaeological surveys supplemented by small scale investigations at the farm site Bjarnarnes, in the settlement areas Búðarvogsvík and Búðarvogur.

The aim was to generate a broader picture about the Pre Reformation activities in the area with a particular focus on identifying the Viking Age and Early Medieval structures. A particular focus was to explore maritime connections and marine networks from the Settlement period and onwards, including the importance of fishing and marine hunting, driftwood, maritime technology as well as settlement structures with a clear maritime orientation. The whole area was mapped, based on droning, photogrammetry's was generated from all settlement areas. In order to get more secure data about the dating and function of structures a limited number of structures were trenched and lastly middens in Bjarnarnes which is exposed and partly washed out as a consequence of coastal erosion, was sampled and documented.

Inngangur

Bjarnarnes er austasti bærinn á Selströnd, Kaldrananeshreppi á Ströndum. Bjarnarnes fór í eyði á sjötta áratug síðustu aldar og hefur landi þar ekki verið raskað mikið af landbúnaði 20. aldar. Þar er því varðveitt einstök minjaheild. Rannsóknin á Bjarnarnesi er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem felst í því að kanna hvenær landnám átti sér stað í Kaldrananeshreppi, hver var hvati þess, og hvernig sú byggð þróaðist auk tengsla við margvíslegar nytjar á svæðinu. Er munur á landnámi Stranda og til að mynda Skagafjarðar og Mývatnssveitar þar sem þegar hafa farið fram ítarlegar rannsóknir á landnámi og þróun þess? Markmið rannsóknarinnar fyrsta árið var að kanna hvenær búseta hófst á Bjarnarnesi með því að grafa könnunarskurð í jaðar bæjarhóls, mæla upp tóftir og garðlög og kanna aldur minja sem tengjast sjósókn. Sjósókn lék ávallt stórt hlutverk á þessu svæði og er eitt af markmiðum rannsóknarinnar að kanna hve stórt hlutverk það lék í lífi fólks á svæðinu og

bera saman við sambærileg svæði á Norður Atlantshafinu og þá helst Vestur Noreg. Í heild voru grafnir fimm könnunarskurðir, auk þess var snið í öskuhaug úti við sjó hreinsað og skráð, en við vettvangsrannsókn kom í ljós talsvert af gripum og beinum sem höfðu fallið úr rofinu. Fornleifarannsókn hófst 18. ágúst og lauk 24. ágúst. Við rannsóknina unnu þrír fornleifafræðingar auk nema í fornleifafræði, Lísabet Guðmundsdóttir, sem stjórnaði rannsókn og sá um úrvinnslu, Morten Ramstad, fornleifafræðingur hjá Háskólasafninu í Bergen, Howell Roberts, Fornleifastofnun Íslands og Björn Guðjónsson, nemi við Háskóla Íslands. Rannsóknin var styrkt af Háskólasafninu í Bergen.



Mynd 1. Rannsóknarsvæðið er innan rauða hringsins á Íslandskortinu.

Aðferðir og fyrri rannsóknir

Við uppmælingar á minjum og skurðum var Trimble GeoExplorer 6000 GPS tæki notað. Uppmælingar voru í ISNET 93 hnitakerfinu og leiðréttar í Pathfinder. Um 80 x 50 m svæði norðvestan við bæjarhólinn var kannað með jarðkjarnarannsókn. Teknir voru borkjarnar með 10 m millibili og var kjarninn 2,5 cm í þvermál. Lýsing jarðlaga var skráð á þar til gerð eyðublöð og hver kjarni mældur inn með Trimble GeopExplorer 6000. Út frá niðurstöðum borkjarnarannsóknar voru valin hentug svæði til þess að grafa könnunarskurði. Könnunarskurðir voru flestir 1m x 0,5 m x 0,5 m. Snið voru teiknuð í hlutfallinu 1:20 og ljósmynduð og lýst auk þess voru sýni tekin til aldursgreiningar.

Bjarnarnesjörðin var skráð af Ragnari Edvardssyni árið 2001 en að öðru leyti hafa þar ekki farið fram rannsóknir.

Fornleifarannsókn

Rannsókn hófst 18. ágúst 2019 og var eitt af meginmarkmiðum hennar að rannsaka minjar sem tengjast sjósókn á Bjarnarnesi. Sjósókn hefur ávallt skipt miklu máli í lífi fólks á Ströndum. Þrátt fyrir það er afar lítið vitað um upphaf veiðiskapar þar þ.e.a.s. hvenær fóru menn að nota verbúðir og stunda skipulagðar fiskveiðar. Auk þess var áætlað að kanna frekar aldur nausta og hvernig þau voru uppbyggð. Niðurstöður verða svo nýttar til að bera saman við samskonar minjar í Noregi. Í fyrsta hluta verkefnisins var jörðin gengin og minjar mældar upp. Ákveðin svæði voru rannsökuð með jarðvegsbor og út frá skráningu og borun voru grafnir fjórir litlir könnunarskurðir til þess að kanna aldur og hlutverk minjanna.



Mynd 2. Selströnd í Kaldrananeshreppi. Bjarnarnes er ysti bærinn á Selströnd. (Loftmynd: Bing maps)



Mynd 3. Uppmæling á bæjarstæði Bjarnarness. (Kort: Lísabet Guðmundsdóttir)


Öskuhaugur

Við sjávarsíðuna um 35 m suðvestan við bæjarhólinn sáust bein í fjöruborðinu. Í rofabarði sáust greinileg mannvistarlög og reyndist þar vera öskuhaugur. Mannvistarlögin voru á um það bil 40 m löngum kafla í rofinu og var breidd haugsins um 35 m. Um tveggja metra langt snið var hreinsað og skráð. Í efstu lögum haugsins voru glerbrot og leirkerabrot frá 19.- 20. öld. Í neðri lögum haugsins var ekki slíka gripi að finna. Nautgripabein úr ungu dýri, úr lagi [108], var aldursgreint og reyndist það vera frá frá 18. - 19. öld.¹ Yfir öskuhaugnum var túngarður og kálgarður svo að þau mannvirki eru yngri en öskuhaugurinn. Hugsast getur að túngarðurinn hafi verið endurhlaðinn og grunnur hans sé eldri. Ekki er vitað hversu mikið landbrot hefur átt sér stað en ljóst er að öskuhaugurinn er í mikilli hættu vegna ágangs sjávar. Í haugnum voru tvö afgerandi dýrabeinalög, sjá lag [102] og [108], aðallega fiskabein en kindabein inn á milli. Það sem vakti áhuga var hversu mikil móaska var í öskuhaugnum. Á Strandir rekur mikið af rekaviði og á það einnig við um Bjarnarnes. Þrátt fyrir það nýttu ábúendur á Bjarnarnesi frekar mó en timbur til þess að kynda hús sín. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram að viðar af rekanum sé lagður til húsanna, reki hafi áður verið gagnlegur en hafi lagst af sem og annarsstaðar. Að auki kemur fram að móskurður sér ekki brúkaður en þar sjáist þó gamlar grafir (Árni Magnússon, Páll Vídalín 1930). Jarðarlýsing þeirra Árna og Páls gefur frekar myrka mynd af ástandinu á Bjarnarnesi árið 1706, hins vegar gátu ábúendur nálgast mó, en virðast hafa kosið að nota hann fremur en timbur til eldiviðar. Eflaust var reynt að nýta rekaviðinn til húsbygginga líkt og fram kemur í Jarðabókinni.



Mynd 4. Lísabet hreinsar snið öskuhaugsins.


¹ SUERC-90389 (Sjá viðauka I)



Mynd 5. Á myndinni má sjá útlínur haugsins og rofið sem hefur átt sér stað. Útlínur eru áætlaðar út frá borkjörnum.



Mynd 6. Snið öskuhaugsins. (Mynd tekin í NV)




Mynd 7. Sniðteikning af litlum hluta öskuhaugsins ásamt niðurstöðum kolefnisaldursgreiningar á nautgripabeini sem fannst í lagi [113]. (Norðursnið)

Tafla 1. Lýsing jarðlaga í ssniði öskuhaugs

Ening	Lýsing
100	Yfirborðslag, sandur
101	Móöskulag, bleik-appelsínugult, bein og kol
102	Beinalag, þétt lag af beinum, aðallega fiskibein
103	Fjölmörg móöskulög sem eru bleik ofarlega í sniðinu en nánast fjólublá neðst, viðaraska, brennd bein, kol,
104	Blönduð móöskulög, fok og sandur inn á milli. Í laginu voru glerbrot
105	Þéttari og hreinni móaska, bleik ofantil og grábleik neðantil, kol, bein og brennd bein
106	Sandlag, ögn af beinum inn á milli
107	Blönduð móöskulög ásamt kolum og beinum
108	Mjög þétt beinalag, fiskibein og kindabein
109	Dökkbrúnt lífrænt lag, feitt, í laginu eru kol ásamt miklu af beinum
110	Móöskulag með beinum, brenndum og óbrenndum
111	Gráleit aska, viðaraska, bein og kol
112	Dökkbrúnt lífrænt lag, feitt, í laginu eru kol ásamt miklu af beinum, kol og móöskuflekkir eru í laginu
113	Sandur

Bæjarhóll


Bæjarhóllinn er 41 x 30 m á lengd og breidd, nánast kringlóttur og um 2 m á hæð. Yngstu minjarnar efst á hólnum eru nokkuð vel varðveittar og eru veggir víða um 1,2 m á hæð. Grafinn var skurður við austurjaðar hólans þar sem talið er að hafi verið öskuhaugur. Var markmiðið að komast að því hvenær búseta hófst í Bjarnarnesi. Skurðurinn var 1 m x 0.5 m og 0,7 m á dýpt. Í skurðinum voru aðallega móöskulög Jarðvegssýni var tekið úr neðsta laginu en ekki tókst að finna hentugt sýni til kolefnisaldursgreiningar.



Mynd 8. Bæjarhóllinn á Bjarnarnesi, hann er um 30 x 40 m. Ekki hefur fundist annað bæjarstæði og hefur það því líklega ávallt verið á þessum stað. (Loftmynd: Morten Ramstad)



Mynd 9 Snið í öskuhaug við jaðar bæjarhóls að austanverðu. (Mynd tekin í N).




Mynd 10. Snið í jaðri bæjarhóls þar sem fannst öskuhaugur. Norðursnið.

Tafla 2 Lýsing jarðlaga í skurði 200

Eining	Lýsing
200	Grasrót og yfirborðslag
201	Rauðbrúnt lag sem er laust í sér. Talsvert af móösku er í laginu ásamt viðarösku, kol og dýrabein
202	Gulbrúnt lag, móöskulinsur ásamt kolum
203	Dökkgulbrúnt silt
204	Grófur skeljasandur

Naust

Um 20 m norðaustan við bæjarhólinn var gróin tóft, ílöng, 14 x 6 m að utanmáli og var op eða dyr að austanverðu sem sneri að sjó. Staðsetning og lögun mannvirkisins bendir til þess að um naust sé að ræða. Grafinn var skurður í suðurvegg og í gegnum gólf mannvirkisins.




Mynd 11. Naustið er innan græna hringsins, innan við túngarðinn sem er yngri en naustið.

Lengd skurðarins var 1,20 m, breidd 0,5 m og dýpt 0,7 m. Efst í skurðinum var yfirborðslag, aðallega sandur, undir því var sendið lag með torflinsum, lag [301], eflaust torfhrun úr veggjum. Þar fyrir neðan var dökkgrátt til brúnt silt/leir lag [302] sem minnti einna helst á tað, með sandlinsum inn á milli. Talsvert var af dýrabeinum, fiski- og kindabeinum, í laginu. Jarðvegssýni (Sýni BJA19-65-02) var tekið úr lagi [302] og í því fannst koluð einigrein (*juniperus sp.*) sem var aldursgreind. Kolefnisaldursgreining leiddi í ljós að hún var frá tímabilinu á milli seinni hluta 10. aldar til miðbiks þeirrar 11.² Lag [303] var gulbrúnt á lit,

² SUERC-90388 (Sjá viðauka)

sendið og var í því viðarplanki úr lerki (*Larix sp.*). Ekki er ljóst hvert hlutverk timbursins var, gæti hafa verið stoð sem lá uppi við veginn. Það þyrfti að kanna með frekari rannsókn. Naustið á Bjarnarnesi er afar fornt og nær aftur til 10. til 11. aldar. Það bendir til þess að búseta á Bjarnarnesi hafi einnig hafist tiltölulega snemma en elsta ritaða heimild um Bjarnarnes er frá 1355. (DI III 1896). Þar sem bein, tað og kol fundust einnig í tóftinni hefur naustið ekki eingöngu hýst báta. Að öllum líkindum hafa þar einnig verið húsdýr þegar bátar voru á sjó. Dæmi eru um í heimildum að fé hafi verið haft í naustum til að mynda í í Fljótsdælu og Landnámu (ÍF XI 1950), (ÍF I 1968). Eingöngu eitt naust hefur verið rannsakað hér á landi svo höfundur viti til og var það í Vatnsfirði. Líkt og naustið í Bjarnarnesi var naustið í Vatnsfirði einnig notað til þess að hýsa sauðfé a.m.k. á síðari stigum. (Dawn Elise Mooney 2013). Naustið í Bjarnarnesi var hlaðið úr grjóti og torfi. Ekki er vitað hvort á því hafi verið þak en samkvæmt heimildum voru naust ýmist með þaki eða án. Lúðvík Kristjánsson bendir á í Íslenskum sjávarháttum að þrátt fyrir að naust komi tiltölulega oft fram í heimildum eru engar nákvæmar lýsingar af þeim (Lúðvík Kristjánsson 1983). Hins vegar gefa lýsingarnar ákveðnar vísbendingar. En það er nokkuð ljóst að á frekari rannsóknum er þörf til þess að fá ítarlegri vitneskju um hvers konar mannvirki þetta voru. Hvernig voru þau upp byggð? Var hlutverk þeirra iðulega margþætt?




Mynd 12. Uppmæling á naustinu og staðsetning könnunarskurðar.



Mynd 13. Morten Ramstad við gröft á könnunarskurði í nausti. (Mynd tekin í NV).



Mynd 14. Norðursnið skurðarins, að vestanverðu er grjót úr vegg en að austanverðu er hella sem virðist hafa verið í gólfi naustsins. (Mynd tekin í V).




Mynd 15 Sniðteikning af vestursniði.

Tafla 3 Lýsing jarðlaga í nausti


Eining	Lýsing
300	Grasrót og yfirborðslag
301	Dökkbrúnt-appelsínugult silt, gular linsur, mögulega torflinsur
302	Dökk grátt til brúnt silt/leirlag, Sandlinsur inn á milli Talsvert af dýrabeinum, fiski- og kindabein. Sýni tekið til aldursgreiningar.
303	Dökk gulbrúnt lag, leir og silt. Sandur og skeljar inn á milli. Neðst í skurðinum var viðarplanki

Búðarvogsvík

Um 1 km NA við bæjarhól er vík sem heitir Búðarvogsvík. Í víkinni eru fjögur mannvirki, vestast eru tvö samliggandi naust, um 10 m austan við þau er þriðja naustið sem virðist vera töluvert eldra ef miðað er við hversu sigin tóftin er. Um 20 m austan við eldra naustið er lítil tóft, nánast hringlaga og gæti verið lítil búð. Sunnan við tóftina eru fjórar hringlaga dældir en hlutverk þeirra er óþekkt, ef til vill tengjast þær lýsisbræðslu en það eru getgátur einar.



Mynd 16. Loftmynd af Bjarnarnesi. (Mynd tekin í N)



Mynd 17. Uppmælingar á naustum og mögulegri búð í Búðarvogsvík.

Austasta nausttóftin virtist vera eldri en hinar tvær og var því ákveðið að grafa þar könnunarskurð til að nálgast efnivið sem hægt væri að aldursgreina. Tóftin var 8 x 4,3 m að utanmáli en 6 x 2,3 að innanmáli og var op í hana að sunnanverðu sem sneri að sjó. Skurður var grafinn frá vestulangvegg og að gólfi. Veggir voru steinhlaðnir og sáust engin ummerki um torf né gólf og var þar af leiðandi ekki hægt að aldursgreina tóftina frekar.




Mynd 18. Nyrsti hluti naustsins og skurðurinn sem grafinn var. Takið eftir öllu grjótinu í veggnum. (Mynd tekin í N).

Töluvert meira var af grjóti í veggjum tóftarinnar en í naustinu sem kannað var í heimatúni Bjarnarness. Veggir hafa þar af leiðandi verið grjóthlaðnir. Engin ummerki voru um að naustið hafi hýst húsdýr eða haft önnur hlutverk líkt og naustið í heimatúninu.



Mynd 19. Naustin í Búðarvogsvík. Könnunarskurður var grafinn í gegnum tóftina sem er neðst á myndinni, yngri naustin eru fjær. (Mynd tekin í V).



Mynd 20. Uppmæling á tóftum í Búðarvogsvík og Búðarvogi.

Búðarvogur


Um 130 m suðvestan við Búðarvogsvík er Búðarvogur. Þar eru tvær tóftaþyrpingar, sú vestari samanstendur af fimm búðum en sú austari af þremur grónum tóftum og er sú þyrping forn á að líta. Samkvæmt örnefnaskrá lentu Balamenn alloft við voginn þegar ekki gaf norður.³ Í lýsingu Bjarnarness í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 stendur:

„Heimræði er þar þegar tilgefur og fiskast, áður hefur það dagott verið. Skip á ábúandinn eitt, sem á vorin gengur til hákallaaflla, ýmist á Eyjum eða í Skreflum. Annað á hann, sem á sumurin gengur til fiskjar þar heima þegar hagar. Tvö eru þar önnur, sem lángrvarandi hafa uppi staðið ónýtt. Í landinu í einum stað er kallað Búðarvogur. Hvert þar hefur nokkur verstaða verið til forna vita menn ekki, en í manna minnum hefur Ólafur Þórarinsson að Ásgarði, eftir leyfi Magnúsar sál. Jónssonar lögmanns, sem þá hafði jörðina í forljening, uppbyggt þar eina búð og látið þar ganga skip sitt Formann og háseta útvegaði hann sjálfur. Eldiviðartak var haft þar í landinu af rifhrísi og lýngi, eftir leyfi landsdrottins, Fyrir ekkert þetta hefur ábúanda neitt betalað verið, og alt jarðarinnar eftirgjald staðið við sama og áður. Nokkrum tíma þar eftir hafði Jón Magnússon að Reykjanesi þar skip með sama móti og segir um hitt. Var ekki heldur ábúanda neitt þar fyrir betalað. Þar eru öngvar fleiri búðir, Á jörðunni er einn lausamaður, Árni Björnsson. Geldur öngva húsaleigu nema nokkra þjónustu eftir samkomulagi 24 hans og ábúandans. Forsorgar sig með sjóróðrum. Nýtur einskis af jörðu nema þjónustu og eldiviðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1930)

³ Örnefnaskrá Bjarnarness

Á Bjarnarnesi var útver en þá fóru menn með báta sína og áhafnir að heiman og á staði þaðan sem stutt var á miðin. Áhafnir voru um kyrrt í útveri meðan á veiðum stóð, í verbúðum eða tjöldum. Heimildir eru um verbúðir á Bjarnarnesi um og eftir 1700. (Lúðvík Kristjánsson 1983) Búðabyrpingin að vestanverðu er að öllum líkindum þær verbúðir sem Árni og Páll minnst á. Búðirnar þrjár að austanverðu standa aðeins hærra en fyrrnefnda búðabyrpingin, ofan við klettahamar þar sem áður hefur verið lending. Könnunarskurður var grafinn í syðstu búðina til þess að kanna aldur og hlutverk hennar. Búðin sjálf var 5 m x 4,5 m að utanmáli, skurður var 1 x 0,5 m á lengd og breidd og um 0,5 m á dýpt. Var hann grafinn í gegnum gólf mannvirkisins. Undir yfirborðslaginu var eldstæði ásamt hellu, ekki var grafið í gegnum það, þar sem reynt var að raska mannvirkinu sem minnst. Yfir mannvirkinu var um 15 cm þykkt yfirborðslag, aðallega sandur. Undir því var komið niður á steinhellu og um 20 cm þykkt fokmoldarlag, lag [501], þar fyrir neðan var eldstæði [502] sem í voru aðallega kol og sóti. Það eldstæði virðist hafa verið notað eftir að búðin hefur staðið auð í einhvern tíma því að upp við eldstæðið og að því er virðist undir því var fokmoldarlag. Um 20 cm fyrir neðan fyrrnefnt eldstæði og undir fokmoldarlagi [501] tóku við mjög þunn góflög sem voru sett undir eitt eininganúmer [503] með sandlögum á milli sem bendir til árstíðarbundinnar notkunar. Gólfin samanstóðu aðallega af móösku og sóti. Undir góflögunum var annað eldstæði, lag [504] sem í var kol, aðallega litlar birkigreinar, hrís virðist hafa verið notað sem eldiviður. Ein birkigrein var aldursgreind og reyndist vera frá 11. öld.⁴ Undir eldstæðinu tóku við fleiri góflög, [505] og [506], gólfin voru bleik til appelsínugul og svört, móösku- og sótlög, þar til komið var niður á sandlag [507]. Engin merki um mannvist var að finna í sandlaginu sem lá ofan á klöpp.

⁴ Birkigrein úr sýni: BJA19-65-03 / SUERC-90387 (Sjá viðauka).



Mynd 21. Búðatóftir í Búðarvogi. Skurður var grafinn í syðstu tóftina að austanverðu og er hún frá 11. öld. (Kort: Lísabet Guðmundsdóttir)



Mynd 22. Yngri búðatóftirnar sem að öllum líkindum eru verbúðir frá 17. öld. (Mynd tekin í S).




Mynd 23. Eldri búðatóftirnar í Búðarvogi. Eins og sést eru þær mjög sokknar og erfitt að greina þær á ljósmynd. (Mynd tekin í S).



Mynd 24. Howell Roberts, Bergsveinn Birgisson og Morten Ramstad að skoða sniðið í tóftinni.



Mynd 25. Vestursnið skurðarins í búðartóftinni. (Mynd tekin í V).



Mynd 26. Sniðteikning af könnunarskurði í búðartóftinni, appelsínugulu lögin eru eldstæði. Gólfög voru afar mörg og var ekki unnt að teikna þau öll, vegna þess hve þunn þau voru.

Tafla 4 Lýsing jarðlaga í búð

Eining	Lýsing
500	Yfirborðslag, sandur og fokmold
501	Sendin fokmold með kolum
502	Eldstæði, móaska og kol
503	Gólfög, með þunnum sandlögum á milli sem bendir til árstíðabundinnar búsetu. Gólfin voru afar þunn
504	Eldstæði, móaska, kol og hrís. Talsvert af smáum greinum, sýni tekið til aldursgreiningar.
505	Gólfög, með þunnum sandlögum á milli sem bendir til árstíðabundinnar búsetu. Gólfin voru afar þunn
506	Gólfög, þunn aðallega móaska og sót.
507	Sandur

Könnunarskurður í búð í Búðarvogi hefur leitt í ljós að viðvera í búðum á Bjarnarnesi hófst mun fyrr en áður hefur verið talið. Útver var á Bjarnarnesi á 17. öld og kann það að eiga sér mun eldri sögu ef miðað er við niðurstöður aldursgreininga. Rannsókn sem þessi sýnir fram á

hversu mikil þörf er á frekari rannsóknum á sjávarútvegi á Íslandi, flestar ritaðar heimildir eru mun yngri og ljóst að fiskstjórnunarkerfi hafi verið við lýði með einhverju móti frá 11. öld og jafnvel fyrr.

Hvítsandar

Um 800 m norðan við Búðarvog er Hvítsandar og er ekki fjarri landamerkjum Bjarnarness og Kaldranarness. Í fornleifaskráningu Bjarnarness kemur fram að þar hafi verið lent með rekavið sem safnað hafði verið saman. Auk þess er þar lending sem kallast Lendingartangi (Ragnar Edvardsson 2002). Enn þann dag í dag er þar talsverður rekaviður sem ekki er verið að nýta að neinu ráði.



Mynd 27. Hvítsandar á Bjarnarnesi (Loftmynd BING).

Við rannsókn árið 2019 fundust þrjár tóftir og virðast þær allar hafa verið notaðar árstíðabundið. Sú syðsta var um 10 m á lengd og 7 m á breidd að utanmáli. Borkjarnar benda til þess að þetta hafi verið bústaður eða búð, í ljós kom móaska og gólflög, dyr voru að suðaustanverðu. Um 44 m norðaustan við fyrrnefnda búð var annað áþekkt mannvirki,

Það var 9 m á lengd og 5.4 á breidd að utanmáli, dyr voru að norðaustanverðu. Mannvirkið kann að vera eldra þar sem veggir eru sokknir. Veggir virðast vera að mestu uppmokstur, eða mjög lélegt torf og góflög voru ógreinileg. Um 50m norðaustan við fyrrnefndu tóft var hringlaga búð um 6 x 6 m að utanmáli. Augljósir torfveggir komu í ljós við borkjarnarannsókn ásamt góflögum með sandlögum á milli sem bendir til árstíðarbundinnar búsetu. Á Hvítsandi var lent með rekavið og honum safnað saman þar. Búðirnar eða mannvirkin á Hvítsandi gætu þar af leiðandi verið búðir fyrir smíði og aðra sem komu að rekaviðarflutningum. Ef nýta átti rekaviðinn á öðrum bæjum, sem gætu jafnvel hafa verið í öðrum landshlutum þá má minnka umfang viðarins með því að grunnvinna timbrið á Ströndum. Það gæti hafa verið klofið í planku og jafnvel unnið eitthvað frekar. Með þeim hætti hefðu timburflutingar orðið léttari. Sú athugun sem gerð var 2019 er eingöngu frumrannsókn á staðnum og margt þyrfti að kanna frekar.

Umræða og niðurstöður


Almennt telja menn að Bjarnarnes hafi verið landnámsjörð og skrifar Pétur Jónsson í héraðslýsingu sinni að þar hafi búíð Björn sá er nam Bjarnarfjörð og sé bærinn kenndur við hann (Pétur Jónsson 1947). Hins vegar eru ekki til neinar rannsóknir sem styðja þá kenningu. Bjarnarnes er fyrst getið í heimildum frá árinu 1355 en fornleifarannsókn hefur sýnt fram á að jörðin er komin í notkun á 10. til 11. öld. Jörðin er ekki mikil landbúnaðarjörð en liggur vel við sjósókn og reka. Ábúendur hafa því frá upphafi þurft að reiða sig á veiðar ásamt hefðbundnum búskap. Á 10. til 11. öld hafa ábúendur komið sér upp nausti og búðum. Búðirnar benda til þess að þá þegar hafi skipulagðar veiðar verið stundaðar frá Bjarnarnesi, útverið kann því að eiga sér eldri sögu og hafa þá bændur á svæðinu sett upp búðir fyrir sjómenn. Rekaviður hefur einnig verið mjög mikilvægur á Bjarnarnesi, rekaviður er á víð og dreif um allar fjörur. Rekinn var kominn í eigu Helgafellsklausturs árið 1355. Rekaviðurinn var notaður í húsbyggingar, í báta, áhöld og ílát. Víða voru góðir smíðir á Ströndum og hafa Strandamenn getað sérhæft sig í smíðum úr rekavið. Til að mynda voru bændur í Trékyllisvík og Steingrímsfirði einkum kunnir fyrir slíkar smíðar (Guðmundur Finnbogason 1942). Bjarnarnes er góð rekajörð og á Hvítsöndum, sem er nyrst á Selströnd, er góð rekavík, þar eru mannvirki sem kunna að hafa verið skemmur sem jafnvel voru nýttar til smíða eða

vinnslu á viðnum auk búðar sem notuð var árstíðabundið. Ef til vill komu smiðir saman að Hvítasandi til þess að vinna rekaviðinn og hafa þá gist í búðum á meðan.

Niðurstöður rannsóknarinnar á Bjarnarnesi árið 2019 hafa sýnt fram á að menn höfðust við í búðum á 11. til 12. öld á Ströndum. Skipulögð veiði innan sveitarinnar hefur þar af leiðandi hafist tiltölulega snemma, líklegast skömmu eftir landnám. Sjávarnytjar og viðarreki hefur dregið fólk að svæðinu en kanna þarf betur tengsl á milli nytjastaða og staða þar sem var föst búseta.

Frekari rannsóknir

Rannsókn á Bjarnarnesi er hluti af stærra verkefni sem felst í því að rannsaka landnám og þróun landnáms í Kaldrananeshreppi. Í næsta hluta verkefnisins er áætlað að skrá og kanna betur aldur minja á Köngustöðum og Grímsey. Köngustaðir er lítið bæjarstæði á milli Bæjar og Bjarnarness, það kemur fyrst fyrir í heimildum árið 1274 (DI II 1893) en var farið í eyði fyrir 1706 samkvæmt Jarðarbók Árna og Páls. Þar eru að finna vel varðveittan bæjarhól sem eflaust nær aftur til miðalda, naust, útihús og fleiri minjar sem enn hafa ekki verið skráðar. Minnst er á Grímsey í Landnámu og kemur þar fram að hún hafi verið numin af landnámsmanninum Grími (ÍF I 1968). Þar var verstöð en ekki er vitað um aldur hennar. Á loftmynd má sjá tóftir ásamt túngarði þvert yfir eyjuna á syðri hluta hennar, verbúðir virðast vera á suðausturhluta eyjarinnar. Áætlað er að kanna hvers konar búseta var á þessum stöðum, aldur minjanna og bera saman við stærri bæjarstæði eins og Bæ og Bjarnarnes.



Mynd 28. Kort af bæjarstæðunum á Selströnd sem hafa verið rannsökuð og áætlað er að rannsaka frekar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín. 1930. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Dawn Elise Mooney, Garðar Guðmundsson, Luasz Mikolajczyk, Oddgeir Isaksen. 2013. *Vatnsfjörður 2012. Framvinduskýrslur/Interim Reports*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands. FS514-030912

DI II: *Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir að inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár II*. 1893. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.

DI III: *Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir að inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár III*. 1896. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðmundur Finnbogason. 1942. *Iðnsaga Íslands I*. Reykjavík: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

ÍF I: *Íslensk fornrit I*. 1968. Reykjavík. Hið Íslenska Fornritafélag.

ÍF XI: *Íslensk fornrit XI*. Reykjavík. Hið Íslenska Fornritafélag.

Lúðvík Kristjánsson. 1983. *Íslenskir sjávarhættir III*. Reykjavík. Bókaútgáfa menningarsjóðs.

Pétur Jónsson. 1947. *Strandamannabók*. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðjan.

Ragnar Edvardsson. 2002. *Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands. FS185-99133

Örnefnaskrá Bjarnarnes. Guðrún S. Magnúsdóttir ritaði. Heimildarmaður Sophus S. Magnússon frá Sólvöllum á Drangnesi. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Skrár

Gripaskrá

Gripaskrá			
Gripanúmer	Samhengi	Tegund	Heiti
BJA19-65-1	Sk. 01 - #09	Cu-blanda	Nagli og þynna
BJA19-65-2	Sk. 01 - #11	Bein	Dýrabein
BJA19-65-3	Sk. 01 - #12	Bein	Dýrabein
BJA19-65-4	Sk. 01 - #9	Bein	Dýrabein
BJA19-65-5	Sk. 03 - #3	Bein	Dýrabein

Ljósmyndaskrá

Frame	Area	Context	Direction of camera	Motive Description	Date	ID
DSC_0001	Sandvík		N	Morten og Bjossi við öskuhauginn í Sandvík auk rofs við öskuhaug og naust lengra til norðurs	19.08.2019	LG
DSC_0002	Sandvík		N	Morten og Bjossi við öskuhauginn í Sandvík	19.08.2019	LG
DSC_0003	Sandvík		V	Mannvirki 300 í Sandvík árið 2019	19.08.2019	LG
DSC_0004	Sandvík		N	Rof við sjávarsíðuna	19.08.2019	LG
DSC_0005	Sandvík		N	Rof við sjávarsíðuna	19.08.2019	LG
DSC_0006	Sandvík		N	Rof við sjávarsíðuna	19.08.2019	LG
DSC_0007	Sandvík		V	Hvalbein í Sandvík	19.08.2019	LG
DSC_0008	Sandvík		V	Hvalbein í Sandvík	19.08.2019	LG
DSC_0009	Sandvík		V	Rof við öskuhaug eftir kindur	19.08.2019	LG
DSC_0010	Sandvík		V	Rof við öskuhaug eftir kindur	19.08.2019	LG
DSC_0011	Sandvík		V	Rof við öskuhaug eftir kindur	19.08.2019	LG
DSC_0012	Sandvík		V	Rof við öskuhaug eftir kindur	19.08.2019	LG
DSC_0013	Sandvík		V	Rof við öskuhaug eftir kindur	19.08.2019	LG
DSC_0014	Bjarnanes	Öskuhaugur	NV	Öskuhaugur í Bjarnarnesi	22.08.2019	LG
DSC_0015	Bjarnanes	Öskuhaugur	SV	Snið öskuhaugs sem var hreinsað og teiknað, fyrir uppgröft	22.08.2019	LG
DSC_0016	Bjarnanes	Öskuhaugur	NV	Snið öskuhaugs sem var hreinsað og teiknað.	22.08.2019	LG
DSC_0017	Bjarnanes	Öskuhaugur	NV	Snið öskuhaugs sem var hreinsað og teiknað.	22.08.2019	LG

DSC_0018	Bjarnanes	Dokka	SV	Hola grafinn í dokku austan við bæjarhól	23.08.2019	HMR
DSC_0019	Bjarnanes	Dokka	SV	Hola í dokku séð ofan frá	23.08.2019	HMR
DSC_0020	Bjarnanes	Dokka	SV	Hola í dokku séð ofan frá	23.08.2019	HMR
DSC_0021	Bjarnanes	Dokka	A	Hola grafinn í dokku austan við bæjarhól	23.08.2019	HMR
DSC_0022	Bjarnanes	Bæjarhóll	SV	Skurður við jaðar bæjarhóls	23.08.2019	HMR
DSC_0023	Bjarnanes	Naust 1	SV	Skurður við jaðar bæjarhóls	23.08.2019	HMR
DSC_0024	Bjarnanes	Naust 1	V	Norðursnið skurðar við bæjarhól	23.08.2019	HMR
DSC_0025	Bjarnanes	Naust 1	V	Vestursnið skurðar við bæjarhól	23.08.2019	HMR
DSC_0026	Bjarnanes	Naust 1	V	Vinnumynd, naust norðaustan við bæjarhól	23.08.2019	HMR
DSC_0027	Bjarnanes	Naust 1	V	Vestursnið skurðar í naust	23.08.2019	HMR
DSC_0028	Bjarnanes	Naust 1	S	Suðursnið í nausti	23.08.2019	HMR
DSC_0029	Bjarnanes	Naust 1	S	Suðursnið í nausti	23.08.2019	HMR
DSC_0031	Bjarnanes	Naust 2	SA	Skurður í naust í Búðarvogi	23.08.2019	HMR
DSC_0032	Bjarnanes	Naust 2	NV	Skurður í naust í Búðarvogi	23.08.2019	HMR
DSC_003-41	Bjarnanes	Búð		Vinnumyndir af búð	23.08.2019	LG
DSC_0042	Bjarnanes	Búð	N	Snið í gegnum búð	23.08.2019	LG
DSC_0043	Bjarnanes	Búð	N	Snið í gegnum búð	23.08.2019	LG
DSC_0044	Bjarnanes	Búð	N	Snið í gegnum búð	23.08.2019	LG
DSC_0045	Bjarnanes	Búð	N	Snið í gegnum búð	23.08.2019	LG

Viðauki I

Aldursgreiningar



Rankine Avenue, Scottish Enterprise Technology Park, East Kilbride, Glasgow G75 0QF, Scotland, UK

Director: Professor F M Stuart

Laboratory Code Submitter

Site Reference Context Reference Sample Reference

Material

$\delta^{13}\text{C}$ relative to VPDB

Radiocarbon Age BP

Tel: +44 (0)1355 223332 Fax: +44 (0)1355 229898 www.glasgow.ac.uk/suerc

RADIOCARBON DATING CERTIFICATE

27 November 2019

SUERC-90387 (GU53270)

Lísabet Guðmundsdóttir Fornleifastofnun Íslands Bárugata 3
101 Reykjavík

Iceland

Bjarnarnes
1 S#BJA19-65-03

Charcoal : Birch -27.3 ‰

1019 ± 26

N.B. The above ^{14}C age is quoted in conventional years BP (before 1950 AD) and requires calibration to the calendar timescale. The error, expressed at the one sigma level of confidence, includes components from the counting statistics on the sample, modern reference standard and blank and the random machine error.

Samples with a SUERC coding are measured at the Scottish Universities Environmental Research Centre AMS Laboratory and should be quoted as such in any reports within the scientific literature. The laboratory GU coding should also be given in parentheses after the SUERC code.

Detailed descriptions of the methods employed by the SUERC Radiocarbon Laboratory can be found in Dunbar et al. (2016) Radiocarbon 58(1) pp.9-23.

For any queries relating to this certificate, the laboratory can be contacted at suerc-c14lab@glasgow.ac.uk.

Conventional age and calibration age ranges calculated by :

Checked and signed off by :

The University of Glasgow, charity number SC004401 The University of Edinburgh is a charitable body, registered in Scotland, with registration number SC005336




B. Taylor

E. Dunbar



University
of Glasgow



The radiocarbon age given overleaf is calibrated to the calendar timescale using the Oxford Radiocarbon Accelerator Unit calibration program OxCal 4.*

The above date ranges have been calibrated using the IntCal13 atmospheric calibration curve.† Please contact the laboratory if you wish to discuss this further.

* Bronk Ramsey (2009) Radiocarbon 51(1) pp.337-60 † Reimer et al. (2013) Radiocarbon 55(4) pp.1869-87



Rankine Avenue, Scottish Enterprise Technology Park, East Kilbride, Glasgow G75 0QF, Scotland, UK

Director: Professor F M Stuart

Laboratory Code Submitter

Site Reference Context Reference Sample Reference

Material
 $\delta^{13}\text{C}$ relative to VPDB

Radiocarbon Age BP

RADIOCARBON DATING CERTIFICATE

27 November 2019

SUERC-90388 (GU53271)

Lísabet Guðmundsdóttir Fornleifastofnun Íslands Bárugata 3
101 Reykjavík

Iceland

Bjarnarnes
2 S#BJA19-65-02

Charcoal : Juniper -26.6 ‰

1018 ± 26

N.B. The above ¹⁴C age is quoted in conventional years BP (before 1950 AD) and requires calibration to the calendar timescale. The error, expressed at the one sigma level of confidence, includes components from the counting statistics on the sample, modern reference standard and blank and the random machine error.


Samples with a SUERC coding are measured at the Scottish Universities Environmental Research Centre AMS Laboratory and should be quoted as such in any reports within the scientific literature. The laboratory GU coding should also be given in parentheses after the SUERC code.

Detailed descriptions of the methods employed by the SUERC Radiocarbon Laboratory can be found in Dunbar et al. (2016) Radiocarbon 58(1) pp.9-23.

For any queries relating to this certificate, the laboratory can be contacted at suerc-c14lab@glasgow.ac.uk.

Conventional age and calibration age ranges calculated by :

Checked and signed off by :




B. Tuzney

E. Dunbar



University of Glasgow



The radiocarbon age given overleaf is calibrated to the calendar timescale using the Oxford Radiocarbon Accelerator Unit calibration program OxCal 4.*

The above date ranges have been calibrated using the IntCal13 atmospheric calibration curve.† Please contact the laboratory if you wish to discuss this further.

* Bronk Ramsey (2009) Radiocarbon 51(1) pp.337-60 † Reimer et al. (2013) Radiocarbon 55(4) pp.1869-87



Rankine Avenue, Scottish Enterprise Technology Park, East Kilbride, Glasgow G75 0QF, Scotland, UK

Director: Professor F M Stuart

Laboratory Code Submitter

Site Reference Context Reference Sample Reference

Material

$\delta^{13}\text{C}$ relative to VPDB $\delta^{15}\text{N}$ relative to air C/N ratio (Molar)

Radiocarbon Age BP

Tel: +44 (0)1355 223332 Fax: +44 (0)1355 229898 www.glasgow.ac.uk/suerc

RADIOCARBON DATING CERTIFICATE

27 November 2019

SUERC-90389 (GU53272)

Lísabet Guðmundsdóttir Fornleifastofnun Íslands Bárugata 3
101 Reykjavík

Iceland

Bjarnarnes
13 F#BJA19-65-03

Bone : Bos Taurus

-21.9 ‰ 5.2 ‰ 3.4

134 ± 26

N.B. The above ^{14}C age is quoted in conventional years BP (before 1950 AD) and requires calibration to the calendar timescale. The error, expressed at the one sigma level of confidence, includes components from the counting statistics on the sample, modern reference standard and blank and the random machine error.

Samples with a SUERC coding are measured at the Scottish Universities Environmental Research Centre AMS Laboratory and should be quoted as such in any reports within the scientific literature. The laboratory GU coding should also be given in parentheses after the SUERC code.


Detailed descriptions of the methods employed by the SUERC Radiocarbon Laboratory can be found in Dunbar et al. (2016) Radiocarbon 58(1) pp.9-23.

For any queries relating to this certificate, the laboratory can be contacted at suerc-c14lab@glasgow.ac.uk.

Conventional age and calibration age ranges calculated by :

Checked and signed off by :

The University of Glasgow, charity number SC004401 The University of Edinburgh is a charitable body, registered in Scotland, with registration number SC005336




B. Taylor

E. Dunbar



University of Glasgow



The radiocarbon age given overleaf is calibrated to the calendar timescale using the Oxford Radiocarbon Accelerator Unit calibration program OxCal 4.*

The above date ranges have been calibrated using the IntCal13 atmospheric calibration curve.† Please contact the laboratory if you wish to discuss this further.

* Bronk Ramsey (2009) Radiocarbon 51(1) pp.337-60 † Reimer et al. (2013) Radiocarbon 55(4) pp.1869-87



Rankine Avenue, Scottish Enterprise Technology Park, East Kilbride, Glasgow G75 0QF, Scotland, UK

Director: Professor F M Stuart

Laboratory Code Submitter

Site Reference Context Reference Sample Reference

Material

$\delta^{13}\text{C}$ relative to VPDB

Radiocarbon Age BP

Tel: +44 (0)1355 223332 Fax: +44 (0)1355 229898 www.glasgow.ac.uk/suerc

RADIOCARBON DATING CERTIFICATE

27 November 2019

SUERC-90390 (GU53273)

Lísabet Guðmundsdóttir Fornleifastofnun Íslands Bárugata 3
101 Reykjavík

Iceland

Sandvík
303
S# SAN18-46-14

Charcoal : Birch -28.1 ‰

1326 ± 26

N.B. The above ^{14}C age is quoted in conventional years BP (before 1950 AD) and requires calibration to the calendar timescale. The error, expressed at the one sigma level of confidence, includes components from the counting statistics on the sample, modern reference standard and blank and the random machine error.

Samples with a SUERC coding are measured at the Scottish Universities Environmental Research Centre AMS Laboratory and should be quoted as such in any reports within the scientific literature. The laboratory GU coding should also be given in parentheses after the SUERC code.


Detailed descriptions of the methods employed by the SUERC Radiocarbon Laboratory can be found in Dunbar et al. (2016) Radiocarbon 58(1) pp.9-23.

For any queries relating to this certificate, the laboratory can be contacted at suerc-c14lab@glasgow.ac.uk.

Conventional age and calibration age ranges calculated by :

Checked and signed off by :

The University of Glasgow, charity number SC004401 The University of Edinburgh is a charitable body, registered in Scotland, with registration number SC005336




B. Taylor

E. Dunbar



University
of Glasgow



The radiocarbon age given overleaf is calibrated to the calendar timescale using the Oxford Radiocarbon Accelerator Unit calibration program OxCal 4.*

The above date ranges have been calibrated using the IntCal13 atmospheric calibration curve.† Please contact the laboratory if you wish to discuss this further.

* Bronk Ramsey (2009) Radiocarbon 51(1) pp.337-60 † Reimer et al. (2013) Radiocarbon 55(4) pp.1869-87